

- Lesið 1. kafla bókarinnar: *Listgildi samtímans* eftir Jón B.K. Rannsu.
- Kynnið ykkur listamennina, Erró, Rúrí og Ragnar Kjartansson
- Svarið síðan þessum þrem spurningum:
  - Reynið að staðsetja eftirfarandi listamenn í listkerfi Kristellers.
  - Falla þessir listamenn undir stofnunarkenningu Dickie
  - Eru þessi listkerfi kannski úrelt í dag

### Listkerfi Kristellers

Í fyrsta kafla bókarinnar *Listgildi samtímans* eftir Jón B. K. Rannsu er fjallað um listkerfi Kristellers. Kristeller rekur þar sögu hinna svokölluðu fagurlista frá tímum forn Grikkja til tuttugust aldarinnar. Hann flokkar fagurlistir í fimm kerfi, það er málaralist, höggmyndalist, byggingalist, skáldskaparlist og tónlist. Hver flokkanna fimm hefur síðan undirflokk. Sem dæmi eru undirflokkar málaralista teikning, vatnslitámálun, olíumálun og grafíklist. Undirflokkar höggmyndalista eru meðal annarra höggmyndir, mótun, útskurður og járnsuða. Jón B.K. Rannsu nefnir vandamál sem þessi nákvæma flokkun hefur í för með sér og hann skrifar:

“Þegar efnistöð sumra listamanna eru mátuð og reynt að finna þeim flokk innan fagurlistanna kemur fram alvarlegur ljóður á kerfinu. Jóhannes Kjarval var til dæmis gjarn á að teikna með vatnslitum. Myndum við þá setja þær myndir hans inn í flokk vatnslitamynda eða teikninga? Eru myndir sem Barbara Árnason þrykkti með vatnslitum grafík eða vatnslitamyndir? Hvað þá þegar Ólafur Elíasson hellir grænu vatnsuppleysanlegu litadufti í árfarvegi? Er hann þá að búa til málverk eða vatnslitamynd eða er hann að fremja gjörning eða búa til landlistarverk? Snúast grænar ár hans kannski um ljósmyndirnar sem hann sýnir að gjörningnum loknum? Það er í raun vita vonlaust að staðsetja þessi verk Ólafs í flokkunarkerfi fagurlistanna. Þau eiga þar engan einn samastað.”<sup>1</sup>

### Stofnunarkenning Dickie

Í framhaldinu af þessari umfjöllun fjallar Jón Rannsu um stofnunarkenningu um list sem George Dickie setti fram. Í þeirri kenning kemur fram að eingöngu þeir sem eru vígðir inn í listheiminn ákvarði hvað er list. Jón Rannsu segir orðrétt:

“Listheimurinn er þá eins og stofnun um listgildið. Það er reyndar listamaðurinn sem fyrst ákveður hvað er list með því að setja fram listaverk. Svo kemur það í hlut listheimsins að gefa því verðmæti og upphefja listgildið, hvort sem það er menningarlegs eða hagfræðilegs eðlis.”<sup>2</sup>

Í framhaldinu af þessari fullyrðingu segir Jón Rannsu:

“Listheimur getur hvorutveggja verið alþjóðlegur og staðbundinn í senn. Íslenskur listheimur er til að mynda afmarkað brot af hinum alþjóðlega listheimi sem einskorðast við list á Íslandi. Hann telur sína eigin listamenn, listgagnrýnendur, listkennara, listheimspekinga, fagurfræðinga,

---

<sup>1</sup> Jón B. K. Rannsu: *Listgildi samtímans*; bls 8-9

<sup>2</sup> Jón B. K. Rannsu: *Listgildi samtímans*, bls 13

listaverkasafnara, galleríista, uppboðshaldara, sýningastjóra og safnstjóra en miðar sig við reglur hins alþjóðlega listheims.”<sup>3</sup>

## Erró

Guðmundur Guðmundsson, öðru nafni Erró fæddist árið 1932. Hann er tvímælalaust þekktasti samtímalistamaður Íslendinga. Hann stundaði myndlistanám á Íslandi en hélt síðan til Noregs þar sem hann innritaðist í listaakademíuna í Osló. Í framhaldi af því lagði hann stund á nám við listaakademíuna í Flórens og síðan í Ravenna þar sem hann lagði áherslu á gerð mósaíkmynda.<sup>4</sup> Árið 1963 fór Erró til Bandaríkjanna og kynntist þar popplistinni og þá varð ekki aftur snúið. Hann hefur síðan þá verið einn fremsti listamaður í Evrópu á sviði popplistar. Auk málalistarinnar hefur hann lagt stund á gjörningalist og kvikmyndagerð.

Ef reynt er að staðsetja Erró í listkerfi Kristiellers, má segja að flest verk hans falla undir málalalistina og nánar undir teikningar, olíumálun og grafíkverk. Gjörningalistin hans og kvikmyndagerð eru aftur á móti í flokki skáldskaparlistar og málalistar. Verk Erró eru reyndar svo fjölbreytileg að þau ýta verulega á mörkin á milli hinna fimm flokka hefðbundinna fagurlista eins og Kristieller skilgreindi.

## Rúrí

Rúrí heitir fullu nafni Þuríður Rúrí Fannberg og hún er fædd árið 1951.<sup>5</sup> Hún stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og svo nam hún málsmíði við Tækniskóla Íslands. Í framhaldinun fór hún svo til Hollands þar sem hún lagði stund á höggmyndalist og kvikmyndagerð.<sup>6</sup> Rúrí hefur gert margs konar listaverk, meðal annarra Fyssu við Grasagarðinn í Reykjavík, en þar er tölvubúnaður látinn stjórna streymi vatns um stóra steinstöpla. Einnig er Regnboginn stóri við Leifsstöð eitt af hennar þekktu listaverkum. Á unga aldri var Rúrí virk í gjörningalist.

Ef reynt er að staðsetja Rúrí í listkerfi Kristiellers, má segja að verk hennar falli undir höggmyndalist og nánar undir höggmyndir, mótun, útskurð, járnsuðu og glerlist. Sum verkin hennar geta jafnvel talist vera byggingalist. Gjörningalistin hennar er í flokki skáldskaparlistar en notkun hennar á tölvuforritum fellur ekki undir neinn flokk enda tölvur ekki til þegar þessi flokkun var upphaflega gerð. Rúrí er mjög fjölhæfur listamaður og verkin hennar falla illa að flokkun Kristiellers á fagurlist.

## Ragnar Kjartansson

Ragnar Kjartansson er fæddur árið 1976. Hann stundaði nám við Listaháskóla Íslands og hélt svo til náms í Svíþjóð.<sup>7</sup> Listaverk Ragnars Kjartanssonar eru mjög fjölbreytileg, allt frá málverkum, höggmyndum, gjörningalist sem minna á leiklistasýningar, myndbönd og tónlist.

Ef reynt er að troða verkum Ragnars Kjartanssonar í listkerfi Kristiellers, má segja að verkin hans falli undir málalalist, höggmyndalist, byggingarlist, skáldskaparlist og tónlist. Í raun sprengir svo fjölhæfur listamaður sem Ragnar þetta gamla flokkunarkerfi Kristiellers með öllu.

---

<sup>3</sup> Jón B. K. Rannsu: Listgildi samtímans, bls 13

<sup>4</sup> Listasafn Reykjavíkur: Erró

<sup>5</sup> Listasafn Íslands: Rúrí

<sup>6</sup> Heimasíða Rúrí

<sup>7</sup> Heimasíðan artnet.com

## **Erró, Rúi og Ragnar Kjartansson**

Í stofnunarkenningunni um list, er gengið út frá því að eingöngu þeir sem eru vígðir inn í listheiminn ákvarði hvað er list. Þannig er það listamaðurinn sjálfur sem ákveður hvað er list eingöngu með þeim verkum sem hann gerir og setur fram. Þetta kemur fram í þeirri einföldu skilgreininu að allt sem menntaðir listamenn geri sé list. Erró, Rúi og Ragnar Kjartansson eru allt menntaðir listamenn og verkin sem þau setja fram eru því list. Þau hafa öll sýnt verkin sín í viðurkenndum listaverkasölum og því má segja að listheimurinn hampi verkum þeirra sem áhugaverðri list. Þau hafa öll selt listaverk og líta má á það sem viðurkenningu annarra á að verkin þeirra séu verðmæt söluvara, jafnvel fjárfesting. Því má segja að þessir listamenn allir falli að stofnunarkenningu Dickies, þau eru öll listamenn og verkin þeirra eru listaverk.

## **Lokaorð**

Ekki er laust við að þessi listkerfi tvö sem um er fjallað í þessari samantekt lýsi hroka. Listkerfi Kristiellers fjallar um fagurlistir og samkvæmt orðanna hljóðan ættu þá líka að vera til ófagurlistir, eða óæðri listir. Flokkun hans á listum í fimm flokka er líka alltof takmörkuð. Listamaður hlýtur að finna sér sinn farveg til tjáningar og þá skiptir engu hvaða tæki hann nota til listsköpunarinnar. Stofnanakenning Dickies felur í sér að einungis þeir sem eru innvígðir í listheiminn ákveði hvað er list, rétt eins og einhverjir séu fæddir inn í þann heim og hafi þann erfðarétt að geta einir ákveðið hvað er list og hvað ekki.

Það er hluti af fræðasviðum að sundurgreina viðfangsefni og flokka þau. Flokkunarkerfi geta verið ágæt til að einfalda hugsun um flókin fyrirbæri, en það má aldrei taka slík kerfi svo hátíðlega að þau fari að stjórna veruleikanum og múlbinda hann í ákveðna flokka.

Reykjavík 31.janúar 2017  
Sigurlaug Kristmannsdóttir

## **Heimildaskrá**

„Listgildi samtímans: Handbók | Eymundsson“. Ljósrit af 1. Kafla.

[http://kennsla2.bhs.is/pluginfile.php/95923/mod\\_resource/content/1/1.kafli\\_Listgildi%20%282%29.pdf](http://kennsla2.bhs.is/pluginfile.php/95923/mod_resource/content/1/1.kafli_Listgildi%20%282%29.pdf)

„Erró | listasafnreykjavikur.is“. Sótt 31. janúar 2017.

<http://listasafnreykjavikur.is/erro>.

„Ragnar Kjartansson Biography – Ragnar Kjartansson on artnet“. Sótt 31. janúar 2017. <http://www.artnet.com/artists/ragnar-kjartansson/biography>.

„Rúi | Icelandic Art Center“. Sótt 31. janúar 2017.

<https://icelandicartcenter.is/people/artists/ruri/>.

„Rúi“. Sótt 31. janúar 2017. <http://ruri.is/>.